

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Landmannahrepps í Rangárvallasýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Landmannahrepps í Rangárvallasýslu.

187

29. apríl
1933

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Landmannahrepps, og er stofnaður af Ungmennafélaginu „Landvörn“ árið 1909. Nemur sjóður sá nú við árslok 1932 með vöxtum og vaxtavöxtum ásamt öðrum eignum þess kr. 1076.00
Ennfremur með sjóði Ungmennafél. „Hvöt“ — 300.00
Og loks með tillagi frá starfandi Ungmennafél. „Merkihvoll“ — 100.00

Alls kr. 1476.00

— eitt þúsund fjögur hundruð sjöttu og sex krónur —.

2. gr.

Tilgangurinn með sjóðsstofnun þessari er að bæta kjör þeirra manna, kvenna og karla, í Landmannahreppi, er við mikla erfiðleika eiga að búa vegna efnaskorts, sem þeir sjálfir hafa ekki bakað sér með óreglu eða ómennsku, standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk og hafa haft óslitið, löglegt heimilisfang í hreppnum í 5 — fimm — ár næstu á undan styrkveitingu.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands ásamt því er við hann kann að bætast. Höfuðstól hans má aldrei skerða, en þegar ársvextir hans nema kr. 100.00 — eitt hundruð krónum — má hefja helming þeirra og svo áfram, þar til að þeir nema kr. 5000.00 — fimm þúsund krónum —. Úr því er það á valdi hreppsþúa, þeirra, er kosningarrétt hafa, hve mikið þeir vilja auka höfuðstól sjóðsins. Þá má og gera verksvið hans viðtækara innan hreppsins.

4. gr.

Heimilisfang og varnarþing sjóðsins skal vera í Landmannahreppi. Skal hreppsnefndin í þeim hreppi hafa reikningsfærslu hans á hendi undir yfirumsjón sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu. Ber hreppsnefndinni að gera árleg reikningssskil, og skulu sömu reglur gilda um reikningsár, yfirskoðun og meðferð hans sem hreppsreikningsins. Komi ágreiningur út af meðferð sjóðsins, sker sýslumaður Rangárvallasýslu úr honum til fullnaðar.

5. gr.

Styrkveitingu úr sjóðnum, þegar til þess kemur, hefir á hendi þriggja manna nefnd, sem sé skipuð þannig: Sé Ungmennafélag starfandi í hreppnum,

187 kýs það einn mann í nefndina til þriggja ára, en að öðru leyti kjósa hreppsbúar hann, þeir er kosningarrétt eiga í málefnum hreppsins. Annan manninn kýs 29. apríl 1933 hreppsnefndin til sama tíma, en þriðji maður skal vera þjónandi prestur. Út-
hlutunarnefnd velur sér sjálf formann, og heldur hún gerðabók, sem hún færir inn í allt, sem gerist á fundum hennar. Hún ávísar til hreppsnefndar til útborg-
unar þeim styrkveitingum, sem hún úthlutar, en hreppsnefndin heldur reikn-
ingsbók fyrir sjóðinn.

Öll vinna fyrir sjóðinn skal leyst af hendi án endurgjalds, en fyrir bækur, skriffæri og burðargjöld ber að greiða.

6. gr.

Skipulagsskrá þessi er þannig samín af þar til kjörnum, undirrituðum full-
trúum frammannefndra ungmennafélaga, sem óska konungsstaðfestingar á henni.

Hvammi í Landmannahreppi, 28. marz 1933.

Ágúst Kr. Eyjólfsson,
f. h. „Landvörn“.

Ragnar Ófeigsson,
f. h. „Merkihvöll“.

Jón Ólafsson,
f. h. „Hvöt“.

EMBÆTTI, SÝSLANIR M. M.

13. febrúar skipaði atvinnumálaráðherra þessa menn í stjórn markaðs- og
verðjöfnunarsjóðs samkvæmt 3. gr. laga nr. 75 frá 1934:

Stefán Þorvarðsson utanríkismálafulltrúa, formann stjórnarinnar, og með-
stjórnendur:

Samkvæmt tilnefningu Alþýðuflokksins:

Emil Jónsson og Sigurð Einarsson alþingismenn.

Samkvæmt tilnefningu Framsóknarflokksins:

Einar Árnason alþm. og Ingólf Bjarnarson hreppstjóra.

Samkvæmt tilnefningu Sjálfstæðisflokksins:

Gísli Sveinsson og Jakob Möller alþingismenn.

Formaður sjóðsstjórnarinnar hefir á hendi reikningshald fyrir sjóðinn og
yfirusjón með innheimtu sjóðsgjaldsins.

11. marz var sýslumaður í Barðastrandarsýslu, Bergur Jónsson, allramildi-
legast skipaður til þess að vera bæjarfógeti í Hafnarfirði og sýslumaður í Gull-
bringu- og Kjósarsýslu.

10. apríl var sóknarprestur í Brjánslækjarprestakalli, séra Björn O. Björns-
son, skipaður til þess að vera sóknarprestur í Höskuldsstaðaprestakalli í Húna-
vatnsprófastsdæmi frá 1. júní næstkomandi að telja.